

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2016

## **Efni: Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn**

Icelandair Group hf., fyrir hönd dótturfélaga sinna Icelandair ehf. og Flugfélags Íslands ehf., þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda skýrslu.

Icelandair Group er stór kaupandi að flugeldsneyti hér á landi og hefur því mikla hagsmuni af virkri samkeppni á milli hinna íslensku olúfélaga. Sjónarmið félagsins fara saman við hagsmuni flugfarþega enda hefur eldsneytisverð bein áhrif á verð flugfargjalda. Þær athugasemdir sem Icelandair Group hefur sem kaupandi flugeldsneytis lúta fyrst og fremst að birgðatönkum eldsneytis við helstu flugvelli, þ.e. Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll. Í ljósi þessa telur félagið rétt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

### *1. Birgðatankar eldsneytis í Helguvík*

Icelandair ehf. kaupir flugeldsneyti sem geymt er í birgðatönkum eldsneytis í Helguvík. Þau gjöld sem félagið greiðir vegna geymslu og flutnings eldsneytis hafa því bein áhrif á eldsneytiskostnað félagsins og koma til viðbótar við heimsmarkaðsverð. Icelandair Group telur geymslugjöld (e. storage fee) og leiðslugjöld (e. pipeline fee) vegna flugeldsneytis í Helguvík óeðlilega há. Þar að auki er gjaldskráin vegna birgðageymslunnar ógagnsæ þar sem mjög erfitt er að sjá hvaða forsendur liggja að baki geymslu- og leiðslugjöldum og hvað er í raun verið að rukka fyrir. Öll gjöldin hafa bein áhrif á verðlagningu flugfargjalda og ekki er raunhæft að bjóða eldsneyti til sölu á flugvöllinum sem geymt er í fjarlægari birgðatönkum. Icelandair Group teldi æskilegt að notendur Keflavíkurflugvallar hefðu beinan aðgang að birgðatönkunum í Helguvík. Eins og staðan er núna hafa leigjendur tankana algjöra yfirburðastöðu gagnvart notendum svo það er lítið svigrúm fyrir notendur til annars en að ganga til samninga við leigjendurna á þeim kjörum sem bjóðast. Þá telur Icelandair Group vafamál hvort sá leigusamningur sem íslenska ríkið gerði á sínum tíma varðandi leigu tankana hafi verið gerður á eðlilegum markaðsforsendum. Þar af leiðandi væri rétt að athuga hvernig staðið var að málinu og hvort samningurinn stuðli að eðlilegri samkeppni og þjóni þar með hagsmunum neytenda.

## 2. Birgðatankar eldsneytis á Reykjavíkurlugvelli

Icelandair Group er kunnugt um að birgðatankur eldsneytis við Reykjavíkurlugvöll er í eigu Skeljungs. Flugfélag Íslands býður reglulega út eldsneytiskaup sín og vegna eignarhalds Skeljungs að umræddum birgðatanki er það félag í mun betri stöðu heldur en önnur félög til þess að bjóða ásættanlegt verð á flugeldsneyti. Það kann því að vera samkeppnishamlandi að einungis eitt félag skuli eiga umræddan birgðatank þar sem önnur olúfélög eru þá orðin háð samkomulagi við eiganda tanksins þegar kemur að því að bjóða flugeldsneyti til sölu. Ekki er raunhæft að bjóða flugeldsneyti sem geymt er í öðrum tönkum til sölu á flugvellinum.

## 3. Niðurlag

Icelandair Group hefur almennt átt góð samskipti við hin íslensku olúfélög í rekstri sínum. Aftur á móti hvetur Icelandair Group Samkeppniseftirlitið til þess að taka ofangreind atriði til frekari skoðunar í því skyni að efla samkeppni og lækka flugfargjöld, neytendum í hag.

Virðingarfyllst,  
f.h. Icelandair Group hf.



Ari Guðjónsson hdl.